

Föstudaginn 7. mars 1980.

Nr. 90/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Þórði Magnússyni

(Sigurður Helgason hrl.).

Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Grindavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu er máli þessu áfrýjað að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Hér fyrir dómi var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. endurrit dómprófa, er fram fóru eftir uppkvaðningu héraðsdóms að ósk skipaðs verjanda ákærða og að kröfu ríkissaksóknara.

Sigmar Vilhjálmur Björnsson skýrði svo frá við framhaldsrannsókn málsins, að hann hefði þriðjudagskvöldið 27. desember 1977 farið um borð í bát sinn Þórshamar, GK 75, sem lá næst fyrir framan m/b Þórkötlu. Hafi hann þá séð vörubifreið af gerðinni Mercedes Benz, eign Hraðfrystihúss Þórkötlustaða h/f, standa á bryggjunni við m/b Þórkötlu. Hann hafi séð mann eða menn við bifreiðina, þó frekar einn en fleiri, en hvorki veitt manni þessum neina athygli né tekið eftir klæðaburði hans. Þegar hann fór frá borði, segist Sigmar Vilhjálmur hafa séð vörubifreiðina standa við fiskverkunarhús, sem heiti Sævík, en að öðru leyti ekki veitt bifreiðinni athygli. Ekki kveðst hann hafa orðið var seinna

mannaferða eða bifreiðaumferðar, er hann fór frá bátnum og heim til sín, og ekki séð ákærða kvöld þetta, en hann kannist við hann í sjón.

Sigmar Vilhjálmur segist hafa verið óviðbúinn, er hann gaf skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu, og ekkert hugsað um mál þetta fyrr en eftir skýrslutökuna. Hann hafi rétt um málið við Heiðar Júlíus Sveinsson og þá hafi rifjast upp fyrir sér, að hann hafi orðið var mannaferða við bifreiðina og annað það, er hann skýrði frá við framhaldsrannsóknina, en „hann haldi, að hann verði að segja það, að framburður hans fyrir lögreglu verði að víkja fyrir framburði hans hér fyrir dómi í þeim atriðum, sem á milli ber.“

Sesselja Anita Kristjánsdóttir, eiginkona vitnisins Sigtryggs Þorsteinssonar, nú til heimilis að Túngötu 21 í Grindavík, skýrir svo frá, að hún hafi farið til dýra, þegar ákærði kom í heimsókn til þeirra hjóna að kvöldi þriðjudagsins 27. desember 1977, er sjónvarpsdagskrá var nýlokið. Hafi hann haft á orði, að hann ætlaði að heimsækja mann, Jakob að nafni, er bjó á neðri hæð húss þess, er þau hjón bjuggu þá í, að Túngötu 20. Kveður hún sig ekki hafa heyrt ákærða hringja dyrabjöllu Jakobs. Hún segir, að ákærði, er hún var mjög lítið málkunnug, hafi spurt eftir Sigtryggi og beðið um að fá að koma inn til þeirra og spjalla við þau. Ákærði hafi verið kurteis og rólegur, en með vini, þó ekki mikið. Að beiðni ákærða kveðst hún hafa hringt til eiginkonu hans og látið hana vita, hvar hann væri.

Samkvæmt vottorði Ríkisútvarpsins lauk sjónvarpsdagskrá kvöld þetta klukkan 2308.

Við framhaldsrannsókn málsins kannaðist ákærði ekki við að hafa framið brot það, sem honum er gefið að sök. Hann hafi ekki farið niður á bryggju greint kvöld, ekki komið nálægt hafnarviginni, og hann minnst þess ekki að hafa farið þá lengra niður Ránargötu en að Mánagötu.

Ákærði kveðst hafa viðurkennt brotið, þar eð rannsóknarlögreglumaðurinn John Hill hefði tjáð sér, að fjöldi vitna, þar á meðal Sigmar Vilhjálmur Björnsson, hefði séð til ferða hans á svipuðum slóðum og bifreiðin var. Að aflok-

inni annarri eða þriðju lögregluyfirheyrslu hafi rannsóknarlögreglumaðurinn fært hann í fangaklefa og sagt, að þar yrði hann að vera til klukkan 1000 næsta morgun, en þá yrði hann úrskurðaður í gæsluvarðhald, sem hann kynni að verða látinn sæta í marga daga, vikur eða jafnvel mánuði. Jafnframt hafi rannsóknarlögreglumaðurinn spurt hann, hvort hann væri ekki á förum til útlanda, en hann hafi ætlað til suðlægra landa fyrstu vikuna í janúar 1978 og þegar greitt fargjaldið. Hafi rannsóknarlögreglumaðurinn sagt við hann, að hann skyldi gera sér þetta ljóst.

John Earl Kort Hill rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóm við framhaldsrannsóknina. Hann kannast hvorki við að hafa nefnt nafn Sigmars Vilhjálms Björnssonar við yfirheyrslur yfir ákærða né hafa haft orð á gæsluvarðhaldi.

Framburðir ákærða eru allmikið á reiki og ósamkvæmir sjálfum sér, svo sem skilmerkilega er rakið í héraðsdómi. Neitaði hann ýmist sakargiftum eða viðurkenndi að hafa farið upp í bifreiðina G 1075, þar sem hún stóð á Miðgarðsbryggju, og sagði sig ráma í að hafa ekið henni upp bryggjuna. Verður að byggja á þessum framburði ákærða, enda þykir afturköllun hans á honum ekki marktæk. Fær það og stoð í framburðum vitna, að hann hafi verið á þessum slóðum á þeim tíma, er bifreiðinni var ekið af bryggjunni.

Að svo vöxnu máli þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, er í ákæru getur. Eru þau þar réttilega færð til lagaákvæða, sbr. og 77. gr. almennra hegningarlaga að því er refsíákvörðun varðar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms samþykkti ákærði í saka-dómi Keflavíkur hinn 25. júlí 1978 að greiða 18.000 króna sekt vegna brots á 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og kröfugerð af hálfu ákæruvalds er háttað, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar til ríkissjóðs. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna er einnig staðfest.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs,

100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Það athugast, sbr. 37. gr. laga nr. 74/1974, að vottur var ekki viðstaddur, er rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu í máli þessu, utan einu sinni.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórður Magnússon, greiði allan áfrýjunar-kostnað sakarmnnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkis-sjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verj-anda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Áfellsdómur á hendur ákærða er byggður á játningu hans í sakadómi Grindavíkur að kvöldi 30. desember 1977 svohljóðandi: „Kærði segir nú, að hann kannist við að hafa farið inn í bifreiðina G-1075, þar sem hún stóð á Miðgarðs-bryggju í Grindavík þriðjudagskvöldið 27. desember s.l. Hann rámar í að hafa ekið bifreiðinni upp bryggjuna, en síðan man hann ekki meir . . . Kærði kveðst hafa neytt áfengis heima hjá sér snemma umrætt kvöld og man, að hann horfði á fréttirnar í sjónvarpinu, en man hinsvegar ekkert eftir það . . .“ Ákærði hafði tvisvar sama dag neitað því fyrir rannsóknarlögreglu, að hann hefði ekið bifreiðinni G 1075 hinn 27. desember 1977, en í þriðja sinn sama dag er fram-burður hans hjá rannsóknarlögreglu svohljóðandi: „Eftir öllum sólarmerkjum að dæma þá virðist fullvíst, að ég hafi tekið vörubifr. G 1075 á bryggjunni í Grindavík og ekið henni ofan í holu, neðarlega á Ránargötu. Ég man alls ekki eftir þessum atburði, en finnst þó sem þetta hafi skeð“. Játn-ingin í sakadómi er svo gerð í framhaldi af þessari síðast-

greindu lögreglufirheyrslu. Er ákærða var birt ákæra í sakadómi Grindavíkur hinn 14. febrúar 1978, kvaðst hann ekki minnst þess að hafa framið brot það, sem hann var ákærður fyrir. „Segist hann hafa verið í mikilli geðshræringu, er lögreglurannsóknin stóð yfir, og hafi yfirlýsing rannsóknarlögreglumannsins um yfirvofandi gæsluvarðhald orðið til þess, að hann kannaðist við að hafa framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, án þess að hann myndi eftir því í raun“.

Engin sönnunargögn önnur en framangreind játning ákærða liggja fyrir í málinu um sekt hans. Skilja verður játningu hans í sakadómi Grindavíkur hinn 30. desember 1977, „að hann kannist við að hafa farið inn í bifreiðina . . .“ í nánú samhengi við síðustu skýrslu hans fyrir lögreglu þá rétt áður, þar sem hann segir, að „eftir öllum sólarmerkjum að dæma þá virðist fullvíst . . .“, þó að hann muni alls ekki eftir atburðinum. Séu framburðir þessir skoðaðir í því samhengi, virðist játning þessi fram komin vegna rangra eða vafasamra ályktana, sem ákærði hefur dregið af vitnaframburðum um veru hans í námunda við brotstað nálægt þeim tíma, er brot var framið, en hann hafði áður staðfastlega neitað því að hafa verið þar. Verður því ekki á henni einni byggt.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, tel ég ekki fram komna óyggjandi sönnun fyrir sekt ákærða. Tel ég því, að sýkna beri hann af ákæruatriðum og leggja allan kostnað málsins í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 200.000 krónur.

Dómur sakadóms Grindavíkur 25. apríl 1978.

Mál þetta, sem þingfest var 14. febrúar og dómtekið 5. apríl sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 16. janúar sl., „á hendur Þórði Magnússyni, bifreiðarstjóra, Heiðarhrauni 5 í Grindavík, fæddum 9. apríl 1940 þar í bæ, fyrir að taka í heimildarleysi bifreiðina G 1075 og aka henni, undir áhrifum áfengis, þriðju-

dagskvöldið 27. desember 1977, frá Miðgarðsbryggju í Grindavíkurhöfn um götur bæjarins, uns bifreiðin hafnaði í holu á Ránargötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Priðjudagskvöldið 27. desember sl., kl. 2345, kom Vilberg Ármannsson, Hvassahrauni 6, Grindavík, á lögreglustöðina þar í bæ og kærði þjófnað á vörubifreiðinni G 1075, af gerðinni Mercedes Benz, í eigu Hraðfrystihúss Þórkötlustaða h/f. Skýrði hann svo frá, að hann hefði lagt bifreiðinni um kl. 2230 við m/b Þórkötl II., sem lá við Miðgarðsbryggju. Fór hann um borð í bátinn til að tala við skipverja. Um kl. 2325 sá hann bifreiðina á sínum stað, en er hann ætlaði að fara um kl. 2343, var bifreiðin horfin. Sagðist hann hafa haldið áleiðis á lögreglustöðina, en á leiðinni þangað hefði hann fundið bifreiðina við fiskverkunarhúsið Vísi s/f við Ránargötu, en þar hafði henni verið ekið í holu, svo að skemmdir hlutust af.

Fyrir rannsóknarlögreglu þann 30. desember sl. sagði kærandinn, að skömmu áður en hann ók niður á nefnda bryggju, hefði hann ekið bifreiðinni upp Ránargötu í átt frá höfninni. Skammt norðan við mót Ránargötu og Mánagötu hefði hann mætt manni á gangi í átt að bryggjunni, og þekkti hann þar fyrir ákærða. Kveðst hann sérstaklega hafa tekið eftir honum vegna þess, að hann var gangandi, sem hann sagði mjög óvenjulegt. Kærandinn sagði ákærða hafa verið klæddan í græna nylonúlpu með skinnkraga á hettunni. Sýndist honum hann vera undir áhrifum áfengis. Eftir að kærandinn mætti ákærða, ók hann hring um plássið og síðan niður á bryggju, þar sem hann fór um borð í m/b Þórkötl II. Kveðst hann ekki hafa séð til ferða ákærða þá.

Kærandinn kom fyrir dóm í máli þessu og lýsti því yfir, að framanlýstur framburður hans væri sannleikanum samkvæmt. Hann kvað það engum vafa undirorpið, að það var ákærði, sem hann mætti á Ránargötu umrætt kvöld, en hann sagðist kannast vel við hann. Sýndist honum ákærði vera ölvaður og byggði það

á því, hversu óstyrkur og óstöðugur hann var í göngulagi. Kærandinn kvaðst eiga úlpu, græna að lit, með litlum skinnkraga, en ekki hefði hann verið í henni þetta kvöld.

Hinn 29. desember sl. mætti Heiðar Sveinsson, Arnarhrauni 1, Grindavík, hjá lögreglunni þar í bæ til skýrslugjafar í máli þessu. Kvaðst hann hafa ekið um Miðgarðsbryggju milli kl. 2300 og 2330 umrætt kvöld ásamt fleira fólki. Á móts við m/b Þórs-hamar mætti hann bifreiðinni G 1075, þar sem henni var ekið suður bryggjuna, og sá hann, að ökumaður hennar var í kuldaúlpu með skinnkraga á. Sagði hann Hermann Guðmundsson, Arnarhrauni 8, Grindavík, einn samferðarmanna sinna, hafa spurt sig, hver hefði verið við stýri G 1075, eftir að þeir höfðu mætt henni, og kvaðst Heiðar þá hafa svarað, að honum hefði sýnst það vera Hermann Guðmundsson, Heiðarhrauni 1, Grindavík. Mætti kvað Sigmar Björnsson, Mánasundi 1, Grindavík, hafa verið að stíga upp í bifreið sína þarna á bryggjunni, rétt áður en hann mætti G 1075.

Heiðar kvaðst síðan hafa ekið þarna um og loks beygt norður Ránargötu. Á móts við fiskverkunarstöð Vísis s/f hefði Hermann kallað á hann og beðið hann að stansa. Sá þeir þarna og skoðuðu bifreiðina G 1075, þar sem hún stóð í holu nokkurri. Héldu þeir síðan áfram ferðinni, og er þeir voru komnir fram hjá mótum Ránargötu og Hafnargötu, kvaðst Heiðar hafa séð mann koma fyrir hornið á hafnarvigtarhúsinu. Var hann klæddur kuldaúlpu með skinnkraga og þó nokkuð ölvaður að sjá. Gekk maðurinn yfir móann í átt að Mánagötu. Sagðist Heiðar hafa beygt upp götu þessa og á móts við hús nr. 13 hefði hann séð, að um ákærða var að ræða. Sá hann jafnframt, að úlpa hans var græn á litinn.

Heiðar staðfesti þennan framburð sinn fyrir dómi. Kveðst hann þekkja ákærða í sjón og var ekki í vafa um, að það var hann, sem hann sá þarna á ferð í umrætt sinn. Hefði hann verið með greinilegum áfengisáhrifum, því að hann hefði slagað mjög, er hann gekk yfir móann milli Hafnargötu og Mánagötu. Ekki kvaðst Heiðar hafa veitt bílstjóra G 1075 neina sérstaka athygli og hefði það verið hrein ágiskun hjá sér að nefna Hermann Guðmundsson, Heiðarhrauni 1, sem slíkan. Sagði mætti (sic), að Hermann þessi væri mjög oft bílstjóri G 1075 og oft í kuldaúlpu með skinnkraga á.

Hermann Þorvaldur Guðmundsson, Arnarhrauni 8, Grindavík, gaf einnig skýrslu hjá lögreglunni 29. desember sl. Segir þar, að hann hafi verið að rúnta um í bifreið með nefndum Heiðari og tveimur stúlkum. Sat hann fram í. Ók Heiðar niður á bryggju, og

mundi hann, að þeir mættu þar vörubifreiðinni G 1075. Í sömu mund sá hann, hvar Sigmar Björnsson var að ganga að bifreið sinni. Ekki sá Hermann, hver var ökumaður, en sá, að hann var klæddur úlpu. Spurði hann Heiðar, hver hefði verið ökumaður vörubifreiðarinnar, og hefði Heiðar sagst ekki hafa séð það, en giskað á annan hvorn þeirra Hermann Guðmundsson eða Vilberg Ármannsson, sem oftast óku bifreiðinni.

Hermann lýsti síðan aðkomunni að G 1075 með sama hætti og Heiðar og gat þess, að bifreiðin hefði verið skemmd að framan. Ekki sáu þeir nokkurn mann við hana. Eftir þetta óku þeir áfram Ránargötu, og móts við hafnarvigtina sáu þeir mann á gangi. Var hann ölvaður. Héldu þeir upp Mánagötu, en þangað virtist maðurinn ætla að ganga. Sá vitnið þá, að hér var um Þórð Magnússon að ræða, og mundi, að hann var klæddur úlpu, en kunni ekki að lýsa henni nánar.

Hermann hefur staðfest þennan framburð sinn fyrir dómi. Hann sagðist þekkja ákærða í sjón og hafi hann verið sá, er þeir óku fram hjá á Mánagötu. Voru þau þá búin að fylgjast með ákærða, allt frá því að hann kom fyrir hornið á hafnarvigtinni. Kvað hann ákærða hafa verið greinilega ölvaðan og hefði hann slagað.

Loks gaí Sigmar Björnsson lögregluskýrslu í máli þessu sama dag og Heiðar og Hermann, þ. e. 29. desember sl. Kvaðst hann hafa farið að bát þeim, sem hann var vélstjóri á, að kvöldi þess 27. des. sl. Mundi hann, að hann hefði séð kyrrstæða vörubifreið við næsta bát, en ekki sá hann neinar mannaferðir í kringum hana. Eftir að hafa lokið verki sínu um borð kvaðst Sigmar hafa ekið upp Ránargötu og heim til sín. Sagðist hann ekki hafa orðið var við umrædda vörubifreið á þessari leið sinni.

Ákærði mætti til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglu um hádegisbil þann 30. desember sl. út af máli þessu.

Kvaðst hann um kvöldið þann 27. desember sl. hafa byrjað áfengisdrykkju heima hjá sér. Ekki mundi hann, hvenær hann fór að heiman frá sér, en líklega var það seinni hluta kvöldsins. Ætlaði hann þá til bróður síns að Mánagötu 11. Er hann var rétt kominn inn á Mánagötuna, sá hann ljós í glugga hjá kunningja sínum á Túngötu 20. Fór hann þangað, dvaldist þar nokkra stund og drakk kaffi. Hélt hann síðan heim til sín, en hvaða leið hann fór og hvenær hann kom þangað, mundi hann ekki.

Ákærði kvaðst hafa verið vel hífaður í umrætt sinn, en sagðist muna vel atburðarás kvöldsins. Hann kvaðst ekki hafa farið nið-

ur á hafnargarðinn umrætt kvöld og því síður stolið þaðan vörubifreið og valdið á henni skemmdum. Ekki hefði hann heldur komið nálægt hafnarviginni eða farið niður fyrir Mánagötu í umrætt sinn. Þá sagðist hann hafa verið klæddur grænni kuldaúlpu með hettu. Ákærði var færður í gæslu að skýrslugjöf þessari lokinni.

Eftir að ákærði hafði gefið framannefnda skýrslu, mætti hjá rannsóknarlögreglunni Sigríður Jónsdóttir, Suðurvör 8, Grindavík. Kvaðst hún hafa verið að aka um í bifreið með fyrrnefndum Heiðari og Hermanní svo og Ástu nokkurri Harðardóttur. Var framburður hennar samhljóða framburði piltanna. Ekki kvaðst hún þá hafa þekkt ákærða í sjón, en sagði, að samferðafólk hefði sagt, að þetta væri Tóti. Framburð þennan ítrekaði Sigríður fyrir dómi og gat þess þá, að hún vissi nú, að hér var ákærði á ferð.

Síðar sama dag var enn tekin skýrsla af ákærða. Kvaðst hann alls ekki muna eftir því að hafa farið norður á hafnargarðinn umrætt kvöld eða verið nálægt hafnarviginni. Hann mundi, að hann horfði á sjónvarpsfréttirnar, en mundi ekki, hvort hann fór að heiman frá sér að þeim loknum. Hann kvaðst hafa farið út og haldið sem leið liggur til Sigtryggs Þorsteinssonar, Túngötu 20. Minntist hann þess alls ekki að hafa farið út á Ránargötu, en hefði svo verið, væri það efst á henni.

Nefndur Sigtryggur hefur borið, að umrætt kvöld, milli kl. 2300 og 2400, hafi dyrabjöllu verið hringt á heimili hans. Var þar kominn ákærði, og virtist Sigtryggi hann vera undir áhrifum áfengis eftir útliti hans og hreyfingum. Ekkert kvaðst Sigtryggur þekkja ákærða, hann kvaðst hafa talað við hann nokkrum sinnum á vinnustað sínum, en engin kynni hefðu tekist með þeim. Hann sagði ákærða hafa verið rólegan og prúðan þarna og hefðu þeir rætt um daginn og veginn og ákærði síðan farið um kl. 0100 um nóttina.

Enn var tekin lögregluskýrsla af ákærða þennan sama dag, þ. e. 30. desember sl. Segir hann þar, að eftir öllum sólarmerkjum að dæma virðist fullvíst, að hann hafi tekið vörubifreiðina G 1075 og ekið henni ofan í hola neðarlega á Ránargötu. Minntist hann alls ekki þessa atburðar, en fannst þó sem þetta hefði gerst. Kvað hann það hafa komið fyrir áður, að hann myndi ekki, hvað gerst hefði, þegar hann hefði verið undir áhrifum áfengis, og þyrfti hann ekki að vera mikið drukkinn, til að slíkt henti. Myndi hann alls ekki eftir öðru en að hafa farið að heiman frá sér og stystu leið heim til Sigtryggs Þorsteinssonar. Sagðist hann telja skv.

framburðum vitna, „að hann hafi verið þarna að verki, og kveðst hann því taka þetta á sig.“

Við réttarrannsókn í máli þessu föstudagskvöldið 30. des. sl. segir ákærði, að hann kannist við að hafa farið inn í bifreiðina G 1075, þar sem hún stóð á Miðgarðsbryggju í Grindavík, þriðjudagskvöldið 27. desember sl. Rámaði hann í að hafa ekið bifreiðinni upp bryggjuna, en síðan man hann ekki meir. Mundi hann ekki, hvar og hvenær akstrinum lauk. Sagðist hann hafa verið talsvert ölvaður á þessum tíma og gat þess, að hann þyrfti ekki að verða mjög ölvaður til þess að missa minnið eða gleyma hlutum. Ákærði mundi, að hann horfði á fréttirnar í sjónvarpinu, en mundi hins vegar ekkert eftir það. Taldi hann sig hafa farið út skömmu síðar. Þá sagðist ákærði eiga græna kuldaúlpu með hettu og hefði hann verið í henni umrætt kvöld.

Við þingfestingu máls þessa þann 14. febrúar sl. kvaðst ákærði ekki minnast þess að hafa framið umrætt brot. Kvaðst hann hafa verið í mikilli geðshræringu, er lögreglurannsóknin stóð yfir, og hefði yfirlýsing rannsóknarlögreglumannsins um yfirvofandi gæsluvarðhald orðið til þess, að hann kannaðist við að hafa framið þá háttsemi, sem hann er hér ákærður fyrir, án þess að hann myndi eftir því í raun.

Loks er að geta framburðar Ástu Gunnlaugar Harðardóttur fyrir dómi, en hún var í bifreiðinni með Heiðari, Hermanni og Sigríði. Mundi hún, að þau mættu vörubifreið umrætt kvöld á bryggjunni, sem er í framhaldi af Ránargötu. Ekki sá hún bílstjóra hennar. Nokkru síðar hefðu þau séð mann á göngu á Ránargötu, sem síðar hefði gengið yfir hraunið eða móann að Mánagötu. Bar maðurinn þess merki að vera ölvaður. Ekki kvaðst hún hafa séð hann greinilega, er þau óku fram hjá honum á Mánagötu, en henni hefði sýnst það vera Tóti í Brú, þ. e. ákærði.

Verjandi ákærða krefst sýknu honum til handa, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Segir hann sakargögn ekki fullnægjandi fyrir sekt hans og bendir þar á m. a. mótsagnir í framburðum Sigmars Björnssonar og Heiðars og farþega hans. Jafnframt nefnir hann framburð Sigtryggs Þorsteinssonar, þar sem segir, að ákærði hafi verið rólegur og príður og ekki borið nein merki geðshræringar. Segir hann þetta sýna eindregið, að ákærði hafi ekki lent í vandræðum út af akstri vörubifreiðarinnar, en töluverðar skemmdir hlutust á henni við aksturinn í holuna.

Niðurstöður.

Með framburðum vitnanna Heiðars, Hermanns, Sigríðar Jónu,

Ástu Gunnlaugar og Vilbergs Magnússon (sic) þykir sannað, að ákærði var á ferð í námunda við Miðgarðsbryggju umrætt kvöld, um það leyti sem nefndur akstur bifreiðarinnar G 1075 átti sér stað. Var hann þá talsvert ölvaður samkv. eigin framburði og vætti vitnanna. Ekkert þessara vitna sá, hver ók bifreiðinni í greint sinn, en með eigin framburði ákærða í réttarhaldi 30. des. sl., þykir sannað, að hann hafi verið ökumaðurinn. Telst nefndur framburður hans vera studdur framburðum nefndra vitna. Ekki verður á það fallist, að þessi framburður ákærða fyrir dómi eða skýrslur hans fyrir lögreglu hafi verið gefnar við erfiðari aðstæður en gengur og gerist eða að hann hafi játað á sig brotið vegna mikillar geðshræringar. Afturhvarf ákærða við þingfestingu málsins frá fyrri framburði fyrir dómi breytir í engu hér um.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði ók vörubifreiðinni G 1075 í heimildarleysi og með áfengisáhrifum frá Miðgarðsbryggju í Grindavík, þar til akstrinum lauk á Ránargötu, þriðjudagskvöldið 27. desember sl. Er háttsemi þessari rétt lýst í ákæru, og varðar hún við lagaákvæði þau, er þar greinir.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 9. apríl 1940 í Grindavík. Hann hefur ekki sætt neinni refsingu, sem máli skiptir hér.

Refsing ákærða samkv. 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga þykir hæfilega ákveðin kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í tuttugu daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði skal einnig sviptur ökuleyfi samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, og þykir sviptingin hæfilega ákveðin í 6 mánuði frá dómsbirtingunni.

Loks skal ákærði greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnaraun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Magnússon, greiði kr. 120.000 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í tuttugu daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingunni.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 114/1977. **Almennar Tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Olúfólaginu h/f
(Vilhjálmur Árnason hrl.).

Bifreiðar. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júlí 1977. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna lögreglustjórans í Reykjavík fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns í máli þessu.

Réttargæslustefndi hefur látið sækja þing. Krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjanda og stefnda.

Áðrir varnaraðilar í héraði en Almennar Tryggingar h/f hafa ekki áfrýjað málinu af sinni hendi.

Gjalddagi iðgjalds vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar R 27175 var hinn 1. mars 1974, og er því ekki andmælt af hendi stefnda, að áfrýjandi hafi krafið eiganda bifreiðarinnar um greiðslu þess, er það féll í gjalddaga.